



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi
Erindi nr. P 136/952
komudagur 27.2.2009

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík 25.febrúar 2009.

Efni: Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna.

Félag skipstjórnarmanna tekur undir þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu, að öðru leiti en því sem fram kemur í 7. grein frumvarpsins um heimild ráðherra til undanþágu til lögskráningarskyldu á svokölluðum frístundafiskiskipum og farþegaskipum til skoðunarferða.

Félagið mótmælir því **harðlega** að ofangreind skip njóti forréttinda umfram önnur, og hefur reyndar áður mótmælt nýyrðinu „frístundafiskiskip“, sem fundið var upp til að réttlæta minni kröfur varðandi réttindi skipstjórnarmanna til stjórnunar slíkra skipa.

Virðingarfyllt

Félag skipstjórnarmanna

Guðjón Ármann Einarsson